

## Hópur um alþjóðastarf

U3A Reykjavík á aðild að alþjóðasamtökum U3A, AIUTA. Þessi alþjóðasamtök, með rætur og miðstöð í Toulouse í Frakklandi, tengja U3A háskóla og samtök í flestum heimshornum og eru virk í starfi fyrir þriðja æviskeiðið til virkni, menntunar og ánægju. Ennfremur eru fjölmörg tengslanet og áætlanir / starfsemi víðs vegar um heim, um og fyrir þriðja æviskeiðið. U3A Reykjavík hefur tengst ýmsu slíku starfi, fremst í Evrópu og Norður Ameríku. Meðal annars hafa niðurstöður BALL verkefnisins dreifst víða um heim og hlotið jákvæða umfjöllun. Áður hafa komið upp hugmyndir um hópstarf innan U3A Reykjavík til að vinna að slíku alþjóðastarfi en ekkert orðið úr.

Nú hafa **Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir og Hans Kristján Guðmundsson**, félagar okkar, tekið að sér að vera í forsvari fyrir slíkum hópi. Hugmyndin er að skoða í sameiningu hvað er í boði á erlendum vettvangi fyrir þriðja æviskeiðið, hvaða viðburðir eru á döfinni og hvaða tækifæri eru álitleg fyrir U3A Reykjavík til að nýta sér í þágu félaganna og starfsins. Gera má ráð fyrir að hópurinn skili einhvers konar kortlagningu á þessu sviði með tillögum til stjórnar og félaga um það hvar hagstætt gæti verið að bera niður, taka þátt og miðla hugmyndum.

Ósk um þátttöku í hópnum má skrá á vefsíðunni. Við reiknum með að lágmarkspátttaka sé um 4-7 félagar og varla fleiri en um 20. Ingibjörg og Hans Kristján munu svo fljótlega hafa samband og boða til fyrsta fundar hópsins.

f.h. stjórnar  
Hans Kristján Guðmundsson  
Formaður U3A Reykjavík